

Jafnlaunastefna Kerfóðrunar ehf.

Gildistími 1. janúar 2023 til 31. desember 2025

Jafnlaunastefna Kerfóðrunar er ætlað að tryggja að jafnrétti og jafnræði kynjanna sé virt eins og kveðið er á í lögum og stjórnarskrá um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Jafnlaunastefnan er órjúfanlegur hluti að launastefnu Kerfóðrunar og hafa jöfn laun kynjanna verið tryggð samkvæmt sér kjarasamningi Kerfóðrunar við verkalýðsfélögin, allt frá stofnun Kerfóðrunar.

Markmið stefnunnar er að stuðla að því að allt starfsfólk, óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum og kyntjáningu fái jöfn laun og njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf og koma í veg fyrir hvers konar mismunun. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir því að ákvæðum jafnlaunastefnu sé framfylgt.

Eftirfarandi jafnlaunamarkmið skulu höfð að leiðarljósi:

- Kerfóðrun er vinnustaður þar sem fólk óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum og kyntjáningu eigi jafnan möguleika til starfa.
- Stjórnendur bera ábyrgð á að jafnlaunakerfi standist lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna skv. 8. gr. laga nr. 150/2020.
- Jafnréttisfulltrúi er ábyrgur fyrir innleiðingu, viðhaldi, eftirliti, viðbrögðum og stöðugum umbótum jafnlaunakerfisins í samræmi við staðalinn ÍST 85:2012.
- Stjórnendur bera ábyrgð á að starfað sé samkvæmt stefnunni og að fram-fylgdar séu verklagsreglur sem að henni lúta.
- Jafnlaunakerfið nær til alls starfsfólks.
- Jafnréttisfulltrúi og framkvæmdarstjóri Kerfóðrunar munu framkvæma árlega launagreiningu þar sem borin eru saman sömu eða jafnverðmæt störf til að ganga úr skugga um hvort kynbundinn launamunur sé til staðar.
- Bregðast skal við óútskýrðum launamun með stöðugum umbótum og eftirliti.
- Kerfóðrun er vinnustaður þar sem allir óháð kyni, njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.
- Kerfóðrun er vinnustaður þar sem starfsfólk getur samræmt vinnu og einkalíf.

10. Kerfóðrun gætir þess að að starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun sé aðgengileg öllu starfsfólki.
11. Kerfóðrun líður ekki undir neinum kringumstæðum einelti, kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni.

Jafnréttisfulltrúi sendir ársskýrslu sína til Jafnréttisstofu, að aflokinni umfjöllun yfirstjórnar Kerfóðrunar. Jafnréttisfulltrúi skal jafnframt vinna að því að jafnlaunastefnu sé framfylgt og viðhaldið og leggja mat á hvort markmiðum hennar sé náð. Jafnréttisfulltrúi er einnig ásamt framkvæmdarstjóra, ráðgjafi starfsmanna í jafnréttismálum.

Jafnréttisáætlun skal kynnt fyrir öllum starfsmönnum Kerfóðrunar og gerð grein fyrir hvert hægt er að leita með athugasemdir.

Jafnréttisstefna skal vera aðgengileg öllum á heimasíðu Kerfóðrunar.

Jafnréttisáætlun þessi var samþykkt á stjórnarfundi, 07.12.2022